

Byggðasamlagið Oddi bs.  
Ársreikningur 2016

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Byggðasamlagið Oddi bs. er byggðasamlag og aðilar að því eru Rangárþing ytra og Ásahreppur. Byggðasamlagið hóf starfsemi í ársbyrjun 2016.

Byggðasamlagið annast rekstur leikskóla og grunnskóla í sveitarfélögunum.

Á árinu námu laun byggðasamlagsins 403,2 millj. kr., og launatengd gjöld námu 98,6 millj. kr.

Rekstrarkostnaði byggðasamlagsins er skipt milli aðildarsveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir hér með ársreikning Byggðasamlagsins Odda bs. fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Hellu, 3. apríl 2017.

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Byggðasamlagsins Odda bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðasamlagsins Odda bs. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hellu, 3. apríl 2017.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	Áætlun 2016
<b>Rekstrartekjur</b>			
Rekstrarframlag Rangárpings ytra .....	4	582.003.559	598.855.000
Rekstrarframlag Ásahrepps .....	4	96.361.215	97.510.000
Þjónustutekjur .....	3	93.840.897	103.484.000
		<u>772.205.671</u>	<u>799.849.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	2	505.566.950	491.836.000
Annar rekstrarkostnaður .....	3	266.306.547	310.653.000
		<u>771.873.497</u>	<u>802.489.000</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		332.174	( 2.640.000)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		208.303	50.000
Fjármagnstekjuskattur .....		( 36.457)	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 504.020)	( 410.000)
		<u>( 332.174)</u>	<u>( 360.000)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins .....</b>		<u>0</u>	<u>( 3.000.000)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

---

## Eignir

	Skýr.	2016
<b>Veltufjármunir</b>		
Krafa á Rangárþing ytra .....	4	27.741.711
Aðrar skammtímakröfur .....		13.552.537
Handbært fé .....		5.669.538
Veltufjármunir samtals		<u>46.963.786</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>46.963.786</u></u>

## Skuldir

<b>Skammtímaskuldir</b>		
Skuld við Ásahrepp .....	4	933.369
Aðrar skammtímaskuldir .....		46.030.417
Skammtímaskuldir samtals		<u>46.963.786</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>46.963.786</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

---

	Skýr.	2016	Áætlun 2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins .....		0	( 3.000.000)
		<u>0</u>	<u>( 3.000.000)</u>
Veltufé frá (til) rekstrar			
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) .....	( 40.360.879)		0
Skammtímaskuldir, hækkun .....	46.030.417		3.000.000
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	<u>5.669.538</u>		<u>3.000.000</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>5.669.538</u>	<u>0</u>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		5.669.538	0
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		<u><u>5.669.538</u></u>	<u><u>0</u></u>



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.
- b. Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1,3 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift er að ræða heldur er myndaður mótveikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kanna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

	2016	Áætlun 2016
Laun .....	403.209.659	392.458.000
Launatengd gjöld .....	98.625.207	99.370.000
Áfallinn launakostnaður, breyting .....	5.471.716	0
Áfallið orlof, breyting .....	( 1.739.632)	8.000
	<u>505.566.950</u>	<u>491.836.000</u>

## 3. Heildaryfirlit um rekstur

	Ársreikningur 2016				Áætlun 2016
	Tekjur	Laun	Annar rekstrark.	Mismunur	Nettó
Fræðslunefnd, sameiginlegt ....	0	995.477	2.787.539	( 3.783.016)	( 2.688.000)
Grunnskólinn Hellu .....	2.982.446	187.620.900	107.450.038	( 292.088.492)	( 303.316.000)
Mötuneyti Hellu .....	27.671.850	14.176.608	13.495.242	0	0
Skóladagheimili Hellu .....	1.470.496	6.843.503	3.527.111	( 8.900.118)	( 9.909.000)
Laugalandsskóli .....	42.925.399	103.940.345	91.184.747	( 152.199.693)	( 162.437.000)
Mötuneyti Laugalandi .....	21.002.990	11.140.913	9.862.077	0	0
Heklukot .....	24.603.818	130.753.119	45.423.293	( 151.572.594)	( 146.821.000)
Leikskólinn Laugalandi .....	8.647.850	48.781.325	19.659.793	( 59.793.268)	( 62.849.000)
Bókasafnið Hellu .....	12.000	804.229	3.392.518	( 4.184.747)	( 4.783.000)
Bókasafnið Laugalandi .....	40.800	468.848	3.824.122	( 4.252.170)	( 4.636.000)
Bókasafnið Þykkvabæ .....	0	41.683	1.216.819	( 1.258.502)	( 1.566.000)
Millifærslur .....	( 35.516.752)	0	( 35.516.752)	0	0
	<u>93.840.897</u>	<u>505.566.950</u>	<u>266.306.547</u>	<u>( 678.032.600)</u>	<u>( 699.005.000)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....				( 332.174)	( 360.000)
				<u>( 678.364.774)</u>	<u>( 699.365.000)</u>

**4. Skipting rekstrar og framlög aðildarsveitarfélaganna**

	<b>Rangárþing ytra</b>	<b>Ásahreppur</b>	<b>Samtals</b>
Fræðslunefnd, sameiginlegt .....	3.265.978	517.038	3.783.016
Grunnskólinn Hellu .....	245.890.822	46.197.670	292.088.492
Skóladagheimili Hellu .....	7.492.446	1.407.672	8.900.118
Laugalandsskóli .....	128.127.293	24.072.400	152.199.693
Heklukot .....	135.374.815	16.197.779	151.572.594
Leikskólinn Laugalandi .....	53.403.471	6.389.797	59.793.268
Bókasafnið Hellu .....	3.522.874	661.873	4.184.747
Bókasafnið Laugalandi .....	3.579.633	672.537	4.252.170
Bókasafnið Þykkvabæ .....	1.059.453	199.049	1.258.502
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	286.775	45.399	332.174
	<u>582.003.559</u>	<u>96.361.215</u>	<u>678.364.774</u>
Staða í ársbyrjun .....	0	0	0
Rekstrarframlög .....	582.003.559	96.361.215	678.364.774
Innborganir á árinu .....	( 554.261.848)	( 97.294.584)	( 651.556.432)
Staða í árslok .....	<u>27.741.711</u>	<u>( 933.369)</u>	<u>26.808.342</u>